

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 117/2022

2022/EES/61/29

frá 29. apríl 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2142 frá 3. desember 2021 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir ópúmbeiskjuefni í tilteknum matvælum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1974 frá 12. nóvember 2021 um leyfi til að setja á markað þurrkuð aldin *Synsepalum dulcificum* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006):
„– **32021 R 2142:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2142 frá 3. desember 2021 (Stjtið. ESB L 433, 6.12.2021, bls. 8).“
2. Eftirfarandi undirliður er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2470):
„– **32021 R 1974:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1974 frá 12. nóvember 2021 (Stjtið. ESB L 402, 15.11.2021, bls. 5).“
3. Eftirfarandi liður er bætt við á eftir 201. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1326):
„202. **32021 R 1974:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1974 frá 12. nóvember 2021 um leyfi til að setja á markað þurrkuð aldin *Synsepalum dulcificum* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 402, 15.11.2021, bls. 5).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 433, 6.12.2021, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 402, 15.11.2021, bls. 5.

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2021/2142 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1974, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.